

# Búum til ferninga - samvinnuleikur Unglingastig

Í þessum leik vinna nemendur saman í fjögurra manna hópum. Hópurinn fær samtals 12 pappírsstrimla í fjórum mismunandi litum þ.e. 3 pappírsstrimlar í hverjum lit. Hver nemandi í hópnum á einn lit og má aðeins koma við pappír sem er í sínum lit. Hópurinn þarf því að tala saman til þess að klára verkefnið.



Kennari getur ákveðið hversu marga ferninga hóparnir eiga að búa til og gengið svo á milli og fylgst með en einnig er blað hér að neðan sem hóparnir geta notað til þess að sýna lausnir sínar og unnið meira sjálfstætt.

Útvíkkunar möguleikar:

Kennari getur bætt við litum, formum eða tölum. Einnig væri hægt að fá einn úr hópnum til að kíkja á form hjá öðrum hóp og á svo að fara til baka reyna að herma eftir forminu með réttum litum.

Nokkrar reglur:

1. Í hverju verkefni þarf að nota alla pappírsstrimlana
2. Pappírsstrimlarnir mega ekki liggja samsíða
3. Pappírsstrimlarnir mega krossa hvorn annan.
4. Pappírsstrimill má ekki liggja allur ofan á öðrum pappírsstrimli
5. Pappírsstrimlarnir verða að liggja flatir á borðinu.
6. Það má ekki brjóta upp á þá, beygja þá eða rífa þá
7. Allir pappírsstrimlarnir verða að vera með í að búa til að minnsta kosti einn ferning þ.e. engin strimill má standa út einn.

Já	Nei
	

# Búum til ferninga

Sýnið lausnir ykkar hér

1 ferningur	2 ferningar	3 ferningar
4 ferningar	5 ferningar	6 ferningar
7 ferningar	8 ferningar	9 ferningar
10 ferningar	11 ferningar	12 ferningar